

Hópur áhugafólks
um hjólabrettaiðkun
og jaðaríþóttir
18. nóvember 2018




Innanhúss æfingaaðstaða

fyrir hjólabretti, hlaupahjól, hjólreiðar og fleira.

Undirrituð, fyrir hönd fjölda barna, ungmenna og foreldra óska hér með eftir stuðningi frá Akureyrarbæ til að koma upp innanhúss æfingaaðstöðu fyrir hjólabretti, hlaupahjól, BMX hjól og fleiri jaðaríþóttir.

Á Akureyri er engin slík aðstaða fyrir hendi í dag. Það fólk sem stundar þessar íþróttir getur gert það í u.þ.b. þrjá til fjóra mánuði á ári, mun færri ef við teljum bara dagana þegar veður og aðstæður eru nógu góðar. Við Háskólann á Akureyri er besta aðstaðan þegar vel viðrar en hún er úti og ekki vel staðsett. Þar er engin umsjón eða eftirlit frá starfsmanni, engin salernisaðstaða og langt frá vökulum augum fullorðna fólksins. Þessi staðsetning er ekki boðleg fyrir börn né ungmenni og þó nokkrir foreldrar vilja ekki einu sinni leyfa börnunum sínum að fara þangað.

„Forvarnargildi slíkrar aðstöðu er óumdeilt; vandfundin er betri forvörn fyrir jaðarhópa.“



Mörg börn eru ekki í skipulögðu íþrótt og tómstundastarfi, þau finna sig ekki í liðsíþróttum og tolla illa í skipulögðum æfingum á vegum íþróttafélaga. Íþróttir þar sem einstaklingurinn ber sjálfur ábyrgð á eigin árangri og er óháður öðrum, svonefndar jaðaríþróttir, henta þessum börnum og ungmennum oft mjög vel.

Áðurnefndar jaðaríþróttir eru mikið stundaðar hér á sumrin og þær kenna fólki margt, svo sem þrautseigju, aga og elju ásamt því að þetta er líkamlega erfið hreyfing sem þýðir að ungmennin sofa og borða betur. Það er heldur ekki af ástæðulausu sem áhættusækin börn og ungmenni sækjast í þessar íþróttir. Þá má þess geta að fullorðið fólk stundar þessar íþróttir vissulega líka og geta þær verið frábærar fyrir fjölskyldufólk.

En fleira kemur til, þegar þessi ungmenni geta ekki stundað sína íþrótt nema lítinn hluta úr ári þá eru þau mun síður líkleg til þess að taka upp þráðinn aftur þegar tekur að vora. Þau eru einnig líklegri til þess að finna sér eitthvað annað og óæskilegra að gera yfir veturinn vegna þess að þeim einfaldlega leiðist.

Forvarnargildi slíkrar aðstöðu er óumdeild; vandfundin er betri forvörn fyrir jaðarhópa.

Við óskum eftir stuðningi frá Akureyrarbæ við að finna húsnæði sem er hentugt undir starfseminum. 600 til 1000 m² með nægilegri lofthæð, stuðningi með leigu og starfsmann svo allt fari nú vel fram auk þess búnaðar sem þarf í rýmið. Finnist ekki hentugt húsnæði til leigu, þá óskum við eftir því að Akureyrarbær skoði það að hreinlega byggja stálgrindarhús undir starfseminum. Slík bygging þarf ekki að innihalda mikið meira en rampa, rail, box og salernisaðstöðu. Hiti getur verið í lágmarki. Stór kostur væri ef starfsemin heyrði undir Frístundaráð Akureyrarbæjar og væri á ábyrgð bæjarins.

Undirrituð stofnuðu hóp á Facebook, sem nú telur 641 meðlimi, þetta er allt fólk sem vill sjá svona aðstöðu rísa, foreldrar, forráðamenn og börn.

Við höfum leitað að hentugu rými en ekki haft erindi sem erfiði, því miður. Þess vegna leitum við nú til ykkar. Því má ekki gleyma að þessi aðstaða nýtist fleirum t.d. Hjólreiðafélagi Akureyrar og brettadeild SKA.

Með von um jákvæð viðbrögð og að málið verði skoðað af fyllstu alvöru.

Fyrir hönd bæjarbúa,

Almar Alfreðsson, Berglind Harpa Þ. Björnsdóttir, Eiríkur Helgason, Elvar Örn Egilsson, Emilia Niewada, Freyr Helgason, Ómar Svan Ómarsson, Sigrún Guðjohnsen, Sigurveig Petra Björnsdóttir, Steinar Fjeldsted og Steinþóra Bergdís Gunnþórsdóttir.

Krístúrín Lind Birgisdóttir, formaður Skíðafélags Akureyrar

Stjórn Brettadeildar SKA:

Elín Auður Ólafsdóttir, Krístján Bergmann Tómasson, Leifur Sigurðsson, Margrét M. Róbertsdóttir, Pétur Maack og Sara Ómarsdóttir.

Stjórn Hjólreiðafélags Akureyrar:

Ágúst Örn Pálsson, Árni F. Sigurðsson, Elvar Freyr Pálsson, Freydís Heba Konráðsdóttir, Pétur Maack, Sigrún Krístín Jónsdóttir og Sigurður Jóhannsson.